

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík 3. apríl 2020
UST202002-359/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Grindavíkur 2018 - 2032 – Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar er barst 24. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á heildarendurskoðun sveitarfélagsins. Helstu áherslur og markmið endurskoðaðrar tillögu er m.a. nýting náttúruauðlinda, efling ferðaþjónustu, samgöngumál og uppbygging iðnaðar eins og orkuframleiðslu og þauleldi.

Sérstök vernd

Í greinargerð kemur fram að stærsti hluti sveitarfélagsins er á eldhraunum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Auk þess er fjallað um í greinargerð þær vistgerðir og jarðminjar sem undir greinina falla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu að verndargildi hraunasvæða séu metin og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á svæðum sem falla undir sérstaka vernd þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta

sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Iðnaður

Í greinargerð kemur fram að þar sem fjallað er um sérskilmála iðnaðarsvæðis i5 að við vinnslu skipulags og uppbyggingu skal hafa í huga að staðsetja lóðir og mannvirki þannig að röskun á hrauni og landslagi verði eins takmörkuð og kostur er.

Auk þess kemur fram í umhverfiskýrslu að skilmálar um að staðsetja skuli mannvirki og framkvæmdasvæði þannig að röskun á svæðum, sem njóta sérstakrar verndar, verði forðað eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á að orðalagið að forðast rask á hrauni eins og kostur er, eru ákvæði eldri náttúruverndarlaga, laga nr. 44/1999.

Skv. 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Eldvörp

Í greinargerð kemur fram að iðnaðarsvæðið við Eldvörp (I4) sé ákjósanlegt til virkjunar jarðvarma og hluti svæðisins hefur verið deiliskipulagður vegna rannsóknarborana. Innan svæðisins verður heimilt að staðsetja stöðvarhús í tengslum við mögulega jarðvarmavirkjun að undangenginni staðarvalsgreiningu og mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir rannsóknarborholur við Eldvörp dags. 20. maí 2015. Þar kemur m.a. fram að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á landslag vegna borplana og væntanlegra lagna.

Auk þess veitti stofnunin umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 29. janúar 2014 varðandi frummatsskýrslu vegna rannsóknarborana í Eldvörpum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu að verndargildi hraunasvæða séu metin og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Línulagnir

Í greinargerð tillögu kemur fram að almennt skal stefna að því að núverandi línuleiðir í Grindavík séu nýttar og að nýjar línur eða endurnýjun minni lína verði lagðar í jörð, sé þess kostur. Ef af virkjunum verður í Sandfelli, Krýsuvík og Trölladyngju er gert ráð fyrir því að slíkar tengingar verði með jarðstreng sé það mögulegt út frá tæknilegum forsendum og kostnaði og að slíkt hafi ekki óafturkræf áhrif á jarðmyndanir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan varðandi línulagnir sé í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga.

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að núverandi línustæði séu samnýtt og ef ætlunin sé að leggja línur í jörð verði reynt eins og kostur er að leggja strengi við núverandi vegi þar sem lagning jarðstrengja í hraun getur haft verulega neikvæð áhrif í för með sér.

Frístundabyggð

Frístundabyggðirnar Löngukvos við Ísólfskála (F2) og Hvalvík (F3) eru skilgreindar á nánast óröskuðu hraunasvæði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að raski á svæðinu sé haldið í lágmarki og framkvæmdir í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga.

Hraunhellar

Í greinargerð kemur fram að fjöldi tækifæra eru varðandi kynningu á jarðsögu og jarðvísindum, fornum atvinnuháttum, sjósókn, verbúðum og fornum þjóðleiðum með áningarstöðum sem margir hverjir eru nýfundnir hraunhellar og eru órannsakaðar minjar í víðáttumiklu hrauninu.

Umhverfisstofnun bendir á að dropasteinar sem geta fundist í hellum eru friðlýstir sbr. auglýsingu nr. 120/1974 og hellar falla undir sérstaka vernd, sbr. 61 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Efnistaka innan Reykjanesfólkvangs

Í tillögunni er gert ráð fyrir námum innan Reykjanesfólkvangs sem nefnast Leirdalur (E5) og Latshólar (E6)

Umhverfisstofnun bendir á að námurnar voru nýttar við gerð Suðurstrandarvegar og veitti stofnunin umsögn dags. 13. janúar 2010 vegna breytingar á aðalskipulagi Grindavíkur 2000 -2020 vegna vegarins. Í greinargerð breytingartillögunnar á sínum tíma kemur fram að gert er ráð fyrir að gengið verði frá námunum að efnistöku lokinni í samráði við Umhverfisstofnun.

Í reglum um Reykjanesfólkvang segir að allt jarðrask sé bannað innan fólkvangsins nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til. Þá segir að skipulegur námurekstur, sem rekinn var innan fólkvangsins þegar auglýsingin um friðlýsingu Reykjanesfólkvangs var birt í Stjórnartíðindum (árið 1975), má þó haldast, enda sé umgengi í samræmi við 18. gr. þágildandi laga um náttúruvernd nr. 47/1971.

Umhverfisstofnun telur að efnistaka í námum innan Reykjanesfólkvangs sem nefnast Leirdalur (E5) og Latshólar (E6) sé því ekki í samræmi við auglýsingu fólkvangsins.

Efnistaka

Í 13. gr. skipulagslaga 123/2010 um framkvæmdaleyfi segir: „Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. [61. gr.] 1) laga um náttúruvernd.“

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er með orðalaginu, til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil.

Á skýringarupprætti 1b eru sýndir vegir í náttúru Íslands og stofn- og tengivegir í dreifbýli. Auk þess eru sýndir vegir og slóðar og eru þeir nefndir aðrir vegir.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin telur óljóst hver skilgreiningin sé á vegum sem eru nefndir aðrir vegir og að mati stofnunarinnar sé mikilvægt að vegir innan fólkvangsins séu flokkaðir skv. reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands og 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að innan fólkvangsins er þjóðvegur sem er nr. 428 og er landsvegur og nefnist Vigdísarvallavegur. Einnig er sá vegur flokkaður, skv. skilgreiningu reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands og 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem vegur í náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að vegaskráin er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga um náttúruvernd. Þar sem Reykjanesfólkvangur liggur inni á skilgreindu svæði í vegaskrá þarf Grindavíkurbær að fá samþykki fyrir vegunum sem liggja inni á friðlýsta svæðinu frá Umhverfisstofnun sem væri afgreitt sem sér mál.

Umhverfisstofnun mun því leita eftir frekari samráði við sveitarfélagið almennt varðandi samgöngumál og vegi skv. reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands og 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Samræmi við aðrar skipulagstillögur

Í greinargerð kemur fram að stefnan í aðalskipulaginu sé í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar. Umhverfisstofnun bendir á að skilgreindur vegur í tillögunni sem fer hjá Leirdalsvötnum og norður Breiðdalinn er skilgreindur sem reiðleið í gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025.

Afþreyingarsvæði AF 4

Í tillögunni er gert ráð fyrir nýju afþreyingarsvæði (5 ha.), AF 4, við Vigdísarvelli sem er innan Reykjanesfólkvangs. Heimilt er að setja niður þjónustuhús, byggja upp bílastæði og gönguleiðir. Ekki kemur fram í skilmálum tillögunnar umfang framkvæmda s.s. stærð

þjónustuhús og fjöldi bílastæða, en að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að það komi fram í tillögunni áætluð stærð þjónustubyggingar og fjöldi bílastæða.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að halda raski í lágmarki þar sem svæðið er tiltölulega óraskað. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, stærð þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Í greinargerð kemur m.a. fram, þar sem fjallað er um náttúruminjaskrá, að stefnan er í samræmi við náttúruminjaskrá og er gerð grein fyrir öllum þeim svæðum sem eru á náttúruminjaskrá í A, B og C flokki.

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja.

Umhverfisstofnun vill benda á að innan sveitarfélagsins er svæði á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) sem nefnist Krýsuvíkuberg og er svæðið tilnefnt vegna þess að þar er alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð og ná rita, langvía og álka alþjóðlegum verndarviðmiðum (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að Krýsuvíkuberg er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ (<http://vistgerdakort.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að langvía og rita eru á valista (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>)

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila, en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Búsvæði sela

Umhverfisstofnun bendir á að í sveitarfélaginu er selalátur við Þórkötlustaðabót (<http://selalatur.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að selir eru skráðir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um selalátrið í tillögunni og að það komi fram hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði sela.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28.gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Fjarskipti

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögu að aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 er lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna háð samþykki Umhverfisstofnunar samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna eru nánari upplýsingar um málsmeðferð vegna umsókna um slíkt háð samþykki stofnunarinnar. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að óheimilt er að reka, eiga eða leggja sæstreng eða neðansjárleiðslu án þess að hafa áður fengið til þess þær heimildir sem tilgreindar eru í 4. gr. reglugerðarinnar.

Stakar framkvæmdir

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir að heimilaðar verða stakar framkvæmdir án þess að afmarka sérstaka landnotkun í aðalskipulagi sbr. gr. 4.3.1 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og eru þær fjarskiptamöstur, vindrafstöðvar, sólarsellur, veitumannvirki og áningarstaðir.

Umhverfisstofnun bendir á að stakar framkvæmdir geta haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Umfang og umhverfisáhrif framkvæmdanna geta verið þó nokkur, t.d. þar sem

heimilt er að reisa allt að 20 m há möstur ásamt allt að 20 m² aðstöðuhúsi, lögnum og vegum að þeim. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að líta á samlegðaráhrif framkvæmdanna. Auk þess er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að skoða ekki einungis stærð, afl og umfang virkjana heldur einnig umhverfisáhrif á ólíkum svæðum með mismunandi verndargildi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að mannvirki falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verkmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afsgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að í Grindavík er einfalt fráveitukerfi þar sem regnvatn er leitt í jarðveg. Tvær aðalútrásir eru en hvorug þeirra fullnægir kröfum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Gert er ráð fyrir hreinsistöðvum við Fornuvör og á Hópsnesi, sunnan iðnaðarsvæðis. Fyrirhugað er að leiða frárennslið út fyrir nýja brimvarnargarða. Fráveita frá Svartsengi og Eldvarpasvæði er leidd í sjó vestan þéttbýlis í Grindavík.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólþ. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála er í sveitarfélaginu, þar sem kæmi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert er ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta sé.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur